

152. löggjafarþing 2021–2022.

Þingskjal x — x. mál.

Stjórnarfrumvarp.

Frumvarp til laga

um breytingu á lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins (málefni
forstöðumanna ríkisstofnana)

Frá fjármála- og efnahagsráðherra.

1. gr.

Í lok 1. málsl. 1. mgr. 39. gr. a kemur: og skulu ákvarðanir birtar með auglýsingu í Stjórnartíðindum.

2. gr.

Við bætist ný málsgrein í 52. gr. sem verður 2. mgr., svohljóðandi:
Ákvæði 1. mgr. tekur ekki til 39. gr. a. og b.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er samið í fjármála- og efnahagsráðuneytinu.

1. Inngangur.

Nýtt launafyrirkomulag forstöðumanna var kynnt í árslok 2018 og innleitt í byrjun árs 2019. Var það í fyrsta sinn sem störf forstöðumanna ríkisstofnana voru metin með samræmdu matskerfi. Gert er ráð fyrir að laun forstöðumanna verði endurmetin eigi sjaldnar en árlega til samræmis við sameiginlega launastefnu á vinnumarkaði eða önnur viðmið sem lýsa almennri launaþróun á vinnumarkaði. Með því móti er hægt að koma í veg fyrir að endurskoðun dragist og tryggja betur að endurmat launa forstöðumanna verði í takt við almenna launaþróun. Við innleiðingu á launafyrirkomulagi forstöðumanna með setningu laga nr. 130/2016, annars vegar, og laga nr. 95/2017, hins vegar, var lagt upp með að ákvarðanir ráðherra um grunnmat starfa forstöðumanna ríkisstofnana væru stjórnvaldsfyrirmæli.

2. Tilefni og nauðsyn lagasetningar.

Með frumvarpi þessu er ætlunin að taka af öll tvímæli um að ákvarðanir um grunnmat starfa forstöðumanna ríkisstofnana séu stjórnvaldsfyrirmæli en ekki stjórnvaldsákvarðanir. Frumvarpið felur í sér viðbrögð við áliti setts umboðsmanns Alþingis sem komst að þeirri niðurstöðu í málum nr. 10343/2019 og 10475/2020 að ákvarðanir ráðherra um grunnmat starfa væru stjórnvaldsákvarðanir en ekki stjórnvaldsfyrirmæli.

Með vísan til fyrrnefndra álita umboðsmanns Alþingis er nauðsynlegt að taka af allan vafa með lagasetningu og þannig koma í veg fyrir réttaróvissu og styrkja stoðir núverandi fyrirkomulags til framtíðar. Með því er hnykkt á því að ekki sé um einstaklingsbundnar

ákvarðanir að ræða þegar ráðherra tekur ákvarðanir um grunnmat starfa enda er það óháð því hver gegnir starfinu hverju sinni og styðst við hlutlæga þætti.

Markmið fyrirkomulagsins snýr að því að auka gagnsæi, fyrirsjáanleika og stöðugleika í launum og launaákvörðunum þeirra sem gegna störfum forstöðumanna samkvæmt 39. gr. a. Þau markmið eru í samræmi við tillögur starfshóps um vinnuumhverfi forstöðumanna sem fjármálaráðherra skipaði í marsmánuði 2011 en sá starfshópur skilaði tillögum sínum til fjármálaráðherra í apríl 2012, annars vegar, og starfshóps um málefni kjararáðs sem ríkisstjórnin skipaði, að höfðu samráði við heildarsamtök á vinnumarkaði þann 23. janúar 2018, hins vegar. Fyrrgreind tilhögun samræmist enn fremur þeirri stefnu stjórnvalda að efla opinbera starfsemi með því gera rekstur ríkisstofnana heildstæðari, skilvirkari og sveigjanlegri. Störf forstöðumanna gegna þar lykilhlutverki.

3. Meginefni frumvarpsins.

Með lögum þessum verða niðurstöður grunnmats starfa, það er föst laun fyrir dagvinnu og önnur laun er fylgja starfi viðkomandi forstöðumanns, birt í auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda. Jafnframt verður með lögunum lögfest að samráðsskylda við heildarsamtök skv. 52. gr. taki ekki til launafyrirkomulags forstöðumanna enda standa þeir utan stéttarfélaga, sbr. 1. tölul. 2. mgr. 1. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

4. Samræmi við stjórnarskrá og alþjóðlegar skuldbindingar.

Efni frumvarpsins kallar ekki á sérstaka skoðun á samræmi við stjórnarskrá og alþjóðlegar skuldbindingar.

5. Samráð.

Helstu hagsmunaaðilar eru veitingarvaldshafar sem eru hlutaðeigandi ráðherrar eða eftir atvikum stjórnir, ríkisstofnanir og Félag forstöðumanna ríkisstofnana.

Félag forstöðumanna ríkisstofnana var upplýst sérstaklega um þá vinnu sem fór fram í tengslum við þessa lagasetningu. Þá var áformaskjal um lagasetningu kynnt í innra samráði innan stjórnarráðsins. Jafnframt var áformaskjal um lagasetningu kynnt í samráðsgátt stjórnvalda þar sem engar umsagnir bárust.

6. Mat á áhrifum.

Ekki er verið að gera efnislegar breytingar á launafyrirkomulagi forstöðumanna heldur styrkja stöðir þess. Lagasetning þessi hefur því ekki fjárhagsleg áhrif fyrir ríkið að frátöldum kostnaði við birtingu í B-deild Stjórnartíðinda. Þá hafa áformin ekki efnahagsleg áhrif á atvinnulíf, vinnumarkað og samkeppni né önnur áhrif.

Ef ákvarðanir ráðherra, sbr. 1. málsl. 1. mgr. 39. gr. a, yrðu aftur á móti skilgreindar sem stjórnvaldsákvarðanir er ljóst að þau markmið er snúa m.a. að hagræði, skilvirkni, sveigjanleika og gagnsæi sem lagt var upp með, við innleiðingu á launafyrirkomulagi forstöðumanna yrði fyrir bí. Ferlið yrði þyngra í vöfum, kostnaðarsamara og ófyrirsjáanlegra. Með þessari lagasetningu er komið í veg fyrir þá óvissu.

Um einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í greininni er lagt til að ráðherra birti niðurstöður sínar um grunnmat starfa í auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda. Þannig eru tekin af tvímæli um að ákvarðanir ráðherra um föst laun

fyrir dagvinnu og önnur laun er fylgja starfi viðkomandi forstöðumanns séu stjórnvaldsfyrirmæli. Rökstuðningur fyrir forsendum grunnmatsins verður þó áfram birtur opinberlega á vefsvæði ráðuneytisins, sbr. 4. mgr. 39. gr. a.

Um 2. gr.

Í greininni er lagt til að samráðsskylda skv. 52. gr. taki ekki til 39. gr. a. og b. Ástæða þess er að ekki er talin þörf á samráðsskyldu við tiltekin heildarsamtök þar sem 39. gr. a og b tekur ekki til félagsmanna þeirra heldur launafyrirkomulags forstöðumanna og ekki standa rök til þess að heildarsamtökin hafi aðkomu að því.